

Samkomulag um nýtingu jarðhita í landi Eiðhúsa

508101-3340

Undirritaðir aðilar, Miðhraun ehf., kt. yx, Eiðhúsum Eyja- og Miklaholtshreppi, og Eyja- og Miklaholtshreppur, kt. 690894-2469 (eftirleiðis nefndur „hreppurinn“), gera með sér svofelldan samning:

1. grein.

Með samningi, dags. 7. júní 1999, gerðu hreppurinn og Erling Jóhannesson, þáverandi eigandi jarðarinnar Eiðhús, með sér samning um heimild til borunar og hagnýtingar á heitu vatni í landi Eiðhúsa.

Á árinu 2002 lagði hreppurinn inn sem hlutafé í Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf. (hér eftir nefnd „hitaveitan“) borholu, sem hreppurinn hafði látið bora í landi Eiðhúsa. Forsenda, sem gengið var út frá, var að borholan uppfyllti þarfir notenda fyrir heitt vatn. Þessi forsenda hefur ekki gengið eftir, vatnsrennsli er einungis 5,3 lítrar pr. sekúndu.

Yfirgnæfandi meirihluti notenda hefur skorað á Miðhraun ehf. að bora enn frekar eftir heitu vatni.

Sameiginlegt markmið samningsaðila er að koma heitu vatni út til sem flestra nýrra notenda innan hreppsins á sem hagkvæmastan hátt, og bæta þannig búsetuskilyrði í hreppnum og efla fjölbreytni atvinnulífs.

Hreppurinn hefur kannað mismunandi kosti í hitaveitumálum í hreppnum með það fyrir augum að bæta úr núverandi ástandi. Kynnt hefur verið skýrsla Verkís um stækjun og endurbætur á hitaveitunni, rekstraráætlun frá Atvinnuráðgjöf Vesturlands sem byggir á forsendum Verkís og greinargerð frá Próunarfélagi Snæfellinga ehf. um framvindu þeirra breytinga sem stefnt hefur verið af af hálfu hreppsins. Í sviðsmynd 6 samkvæmt þessum skýrslum er kynntur sá kostur að hreppurinn taki yfir Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf., stækki dreifikerfið til muna og að tryggt verði aukið magn af heitu vatni með borun nýrrar borholu í landi Eiðhúsa.

Á ofangreindum grundvelli gera aðilar með sér samning þess efnis er hér greinir.

G.G.
R.

Hreppurinn lýsir því yfir að Miðhraun ehf. hafi, sem landeigandi, rétt til að bora eftir heitu vatni í landi Eiðhúsa með þeim fyrirvörum sem samningur þessi felur í sér sem og samningurinn frá 7. júní 1999 um heimild hreppsins til borunar og hagnýtingar á heitu vatni í landi Eiðhúsa.

3. grein.

Ef nýtanlegt heitt vatn fæst við borun, þá lýsir Miðhraun ehf. yfir vilja til að eftirsarandi atriði verði höfð að leiðarljósi:

- Ef vatnsrennsli minnkar úr núverandi borholu Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf., þá verði félaginu bætt upp það vatnsmagn án kostnaðar, þannig að það haldi óskertu núverandi vatnsmagni 5,3 lítrar pr. sekúndu, með vatni úr nýrri borholu.
- Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf. verði boðið samkomulag um dreifingu á auknu vatnsmagni til þeirra hluthafa, sem hafa ekki fengið sitt umsamda vatn til heimilisnotkunar. Verðlagning fyrir hvern rúmmetra vatns til hitaveitunnar frá nýrri borholu verði ekki umfram framkvæmda- og reksturskostnað Miðhrauns ehf. við framkvæmdir, borun og rekstur borhola. Verði ágreiningur um verð skal hlutlaus verkfræðingur frá Verkís ehf., eða eftir atvikum annar sá aðili er aðilar samnings þessa verða sammála um, skera úr. Slikum úrskurði verði unnt að hneggja með mati dómkvaddra matsmanna og eftir atvikum málshöfðun, samkvæmt lögum um meðferð einkamála.
- Öðrum innan hreppsins, sem óska eftir vatni til heimilisnota og búreksturs, skal gefinn kostur á því.

4. grein.

Aðilar eru sammála um að kaupi hreppurinn allt hlutafé í Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps ehf. í sátt við hluthafa og ráðist í rekstur sveitaveitu samkvæmt sviðsmynd 6, skv. áðursögðu, þá taki samningsaðilar upp viðræður um kaup hreppsins á borholu/borholum í landi Eiðhúsa, á kostnaðarverði. Undirbúnings- og rannsóknarkostnaður telst hluti kostnaðarverðs. Kauprétt þennan skal hreppurinn nýta sér innan þriggja ára frá undirritun samnings.

Verði áform hreppsins um sveitaveitu hins vegar ekki að veruleika, þá lýsir Miðhraun ehf. yfir vilja til að ræða aðrar lausnir í hitaveitumálum.



5. grein.

Ákvaði 8. gr. áðurnefnd samnings frá 7. júní 1999 er fellt úr gildi ef hreppurinn kaupir borholur í landi Eiðhúsa af Miðhrauni ehf og stofnuð verður sveitaveita með kaupum hreppsins á hlutum í Hitaveitunni. Þó skal Eyja- og Miklaholtshreppi vera heimilt að framselja rétt samkvæmt samningnum til opinbers aðila eða félags í eigu þess aðila enda sé það til vatnsöflunar í þágu sveitarfélagsins.

6. grein.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun. Samningnum til staðfestingar er hann undirritaður í þremur eintökum, einu fyrir hvorn aðila og einu til þinglýsingar, í viðurvist vitundarvotta sem staðfesta réttar undirritanir og dagsetningu.

Oddviti
Eyja- og Miklaholtshrepps

Staður og dags.

þann 19. febrúar 2013

Gudbjartur Gunnarsson

Þurð

F. h. Eyja- og Miklaholtshrepps

F. h. Miðhrauns ehf.

með fyrirvara um samþygtun
hreppsnefndas Eyja- og Miklaholtshrepps.

Vottar:

Ólafur Ólafsson
Björn Þorleifsson
Sauði Jónasson